

VIÐ ÓSKUM EFTIR ÖFLUGUM MARKAÐSMANNI

Markaðsstofa Reykjaness leitar eftir öflugum starfsmanni í markaðsteymið sem hefur metnað og áhuga á ferðaþjónustu. Um er að ræða tímabundna ráðningu til eins árs.

Starfið felur í sér fjölbreytt verkefni sem snúa að markaðssetningu á Reykjanesi sem áfangastað, m.a. umsjón og uppfærslu á vefsíðum og samfélagsmiðlum, umsjón og vinnu við útgáfu kynningarefnis sem og samskipti við ferðaþjónustuaðila.

Viðkomandi starfsmaður þarf að geta gengið að öllum verkefnum markaðstofunnar er snúa að markaðs- og kynningarmálum.

Umsóknarfrestur er til og með 19. janúar n.k.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Umsóknir skal seda til Markaðsstofu Reykjaness á netfangið markadsstofa@visitreykjanes.is.

Allar frekari upplýsingar gefa, Þuríður Aradóttir, thura@visitreykjanes.is og Eggert Sólberg Jónsson, eggert@reykjanessgeopark.is.

Markaðsstofa Reykjaness er sjálfseignarstofnun sem starfar náið með Reykjanes Unesco Global Geopark, Heklunni, atvinnuþróunarfélagi Suðurnesja, ferðaþjónustufyrirtækjum, stuðningsstofnunum og sveitarfélögum á Suðurnesjum að markaðssetningu svæðisins, eflingu ferðaþjónustu, fjölgun ferðamanna og lengingu dvalar þeirra með heildarhagsmunum atvinnulífsins og samfélagsins á Suðurnesjum að leiðarljósi.

Helstu verkefni:

- Frumkvæði og umsjón með kynningar- og markaðsmálum
- Samskipti við hagsmunaaðila, samstarfs- og stuðningsstofnanir
- Skipulagning og þátttaka í sýningum og ráðstefnum innanlands og erlendis
- Umsjón með heimsóknum blaðamanna og ferðaskrifstofa
- Yfirumsjón með vefsíðu og samfélagsmiðlum Markaðstofunnar

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af markaðs- og ferðamálum mikilvæg
- Metnaður í starfi og skipulagshæfileikar
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta í ritun og orði skilyrði (önnur tungumál kostur).
- Mjög góð þekking á notkun samfélagsmiðla

